

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM

Fundur settur kl. 8:30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Aukafundur stuttu eftir síðasta fund eða í millitíðinni verður settur inn í fundargerð frá 14 september og munu þær viðbætur verða lagðar fyrir myndlistarráð á næsta fundi.

2. Stefna myndlistarráðs til þriggja ára

Myndlistarráði ber að gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi myndlistarsjóðs til þriggja ára í senn. Helgi Þorgils, formaður ráðsins mun vinna drög að stefnu fyrir næsta eina og hálfu árið eða þann tíma sem ráðið á eftir setu.

Rætt var um frekari leiðbeiningar fyrir matsnefndarstörf. Hingað til hefur umfang umsókna ráðið stefnu matsnefnda hverju sinni en gott væri að skoða samanburð síðustu ára.

3. Útgáfumál – Tímarit um íslenska myndlist

Helgi kynnir niðurstöður frá fyrsta stjórnarfundum um tímarit um íslenska myndlist. Myndlistarráð mun leggja tímaritinu til 1. millj. kr. á næsta ári.

4. Yfirlýsingar og ályktanir frá myndlistarráði – eftirfylgni og reglur

Formaður mun hafa það í huga við gerð nýrrar stefnu ráðsins.

5. Myndlistarverðlaun og tilnefningar

Opnað verður fyrir tilnefningar til íslensku myndlistarverðlaunanna 1. desember –7. Janúar 2021. Myndlistarráð velur heiðurslistamann og fjalla um á næsta fundi.

6. Hlutverk varamanna

Vegna fyrirspurnar. Varamenn sitja ekki fundi nema upp komi vanhæfni varðandi einhver mál. Varamenn eiga að hafa aðgang að fundargerðum.

7. Önnur mál

Rætt var um starfshóp sem er að störfum vegna myndlistarstefnunnar 2021.

Næsti fundur er áætlaður mánudaginn 23 nóv.

Fundi slitið kl. 9:35